

Stjórnarfundur í Félagi lóðarhafa að Kiðjabergi

Fundur stjórnar 31. október 2022 kl. 20:00 haldinn í Kópavogsgarði.

Mættir voru: Snjólfur Ólafsson, Bjarni Sigurðsson og Hlín Ástþórsdóttir.

1. Innheimta árgjalda. Mistök voru gerð í samskiptum við bankann og af þeim sökum fengu félagsmenn kröfu í heimabankann örfáum dögum fyrir eindaga. Þess vegna höfðu bæst við dráttarvextir þegar margir sáu kröfuna. Stjórnin harmar þessi mistök.
2. Þyrluflug. Stjórnin sendi fyrirspurnir til Samgöngustofu varðandi þyrluflug. Samkvæmt svörunum þá telst frístundabyggð til dreifbýlis og engar sérstakar reglur gilda um landingar þyrlna nema að leyfi landeiganda/umráðanda lands þarf að liggja fyrir áður en lent er á landeigninni. Lágmarksflughæð þyrlna er 500 fet (150 m) utan þéttbýlis nema í flugtaki og landingu.

Það er möguleiki að senda erindi á Umhverfisstofnun á grundvelli grenndarréttar og gera athugasemd varðandi þyrlulendingar ef meiri ónæði en eðlilegt getur talist er af landingunum. Einnig er hægt að hafa samband við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og kvarta undan hávaða frá loftförum, en hávaði er skilgreindur sem mengunar- og ónæðisvaldur. Enn fremur er hægt að senda kvörtun til Samgöngustofu og ef gefinn er upp tími og staðsetning þá getur Samgöngustofa látið flugrekandann vita að borist hafi kvörtun.

3. Fyrirhugað leiksvæði í grennd við vélaskemmuna. Bjarni og Snjólfur kynntu hugmyndir um svæðið sem mótuðust þegar þeir fóru á vettvang með Birki og Þórhalla. Lögð voru fram fyrstu drög að teikningu af leiksvæðinu og drög að kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdirnar.
4. Göngustígur milli lóða 60/61 og 67/66. Baldur hefur ekki enn lagt stigin en Bergur fylgir málinu eftir.
5. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.

Bjarni Sigurðsson ritari